



Guðján Sigþór
Jenson

Eiríkur Magnússon bókavörður í Cambridge

Inngangur

Árið 2011 minntust Íslendingar þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar (1811-1879). Margir telja Jón vera einn fremstan þeirra landa okkar sem vörðuðu veginn í átt að sjálfstæði þjóðarinnar. Því miður falla ýmsir samtíðarmenn hans í skugga hans og hafa gleymst en voru vissulega merkir hver á sinn hátt. Sumir þessara samtíðarmanna Jóns voru bandamenn hans og jafnvel nánir samstarfsmenn. Einn af þeim var Eiríkur Magnússon bókavörður í Cambridge.

Þegar Jón þarfnæðist stuðnings á erfðustu árum sínum var það Eiríkur sem reyndist honum einna drýgsta hjálparhellan. Félagi hans við þýðingar og útgáfu íslenskra rita var ungur Breti, George Powell að nafni, fæddur 1842, sonur vellauðugs landeiganda.



Mynd af Eiríki tekin á Regent Street í London 1867. Aftan á myndina hefur hann ritað: Til jungfrú Kristínar Gudmundsen með kærustu kveðjum. Myndin er í eigu Þjóðminjasafns Íslands.

Hann féllst á að fjármagna starf Jóns Sigurðssonar og gera hann sem mest óháðan dönskum yfirvöldum. Eins og lesa má af ævisögum Jóns eftir Pál Eggert Ólason í fimm bindum og Guðjón Friðriksson í tveim bindum, þá missti Jón af ýmsum mikilvægum tekjum eftir að Danir töpuðu Holstein og Slésvík í hendur Prússa 1864. Við honum blasti gjaldþrot og eignamissir hefði hann ekki fengið utanaðkomandi fjárhagsaðstoð.¹ Til endurgjalds háum styrkjum til Jóns hafði Powell mikinn hug á að Jón tæki að sér ritun yfirlitsrits um sögu Íslands, en aldrei varð úr að það rit yrði samið nema að nokkru leyti.²

Oft aðstoðaði Eiríkur Jón varðandi traustar upplýsingar sem gátu komið Jóni að gagni í slagnum við Dani. Þannig miðlaði Eiríkur Jóni upplýsingum um stjórnarfyrrkomulag Isle of Man í sundinu milli Írlands og Bretlands en eyja þessi naut takmarkaðs sjálfstæðis innan breska heimsveldisins ásamt Wales.³

Bréfasafn Jóns til ýmissa samtíðarmanna kom út í tveim bindum, 1911 og 1933. Í því seinna eru 56 af 130 bréfum hans til Eiríks.

Hver var þessi einstaki Íslendingur sem reyndist Jóni einn traustasti bakhjarl og samstarfsmaður?

Í grein þessari verður rífuð upp saga Eiríks. Spor hans ristú djúpt á sínum tíma, og urðu viðhorf hans og skoðanir í þjóðmálum mjög ákveðnar, en ýmsum þótti hann vera málafylgjumaður mikill. Féllu þær í misjafnan jarðveg eins og gengur og síðar kemur fram í þessu æviágripi. Margfennt hefur yfir spor Eiríks Magnússonar og er hann fyrir vikið í dag allt of mörgum gleymdur. Hér verður reynt að bæta úr og rífuð upp saga þessa merka menntamanns. Stuðst verður við „Sögu Eiríks Magnússonar í Cambridge“ eftir Stefán Einarsson prófessor, sem út kom 1933, auk ýmissa athyglisverðra merkra rita og annarra heimilda.

Uppruni Eiríks Magnússonar, menntun og fyrstu starfsár

Eiríkur var fæddur 1. febrúar 1833 í Berufirði hjá Djúpavogi, sem þá var prestssetur, sonur sr. Magnúsar Bergssonar (1799-1893) í Eyðölum og konu hans Vilborgar Eiríksdóttur (d.1862).⁴ Eiríkur fluttist ungur

að árum með foreldrum sínum að Stöð í Stöðvarfirði þar sem hann ólst upp í fögru umhverfi sem mun hafa haft mikil og góð áhrif á þennan unga námfúsa pilt. Eiríkur sagði síðar að „Stöðvardalur sé sá sólskinsblettur endurminningarinnar sem aldrei dragi fyrir.“⁵ Átti hann mörg sporin í dalnum sem smali föður síns og var oft berfættur. Lærði hann snemma að bjarga sér og láta aldrei verk úr hendi sleppa, enda þörfin mikil á barnmörgu heimili þar sem oft var skortur eins og þá gekk og gerðist á Íslandi. „Eg var kallaður fremur baldinn og óhlýðinn og fékk oft hirtingar fyrir yfirsjónir mínar og glappaskot, svo að eg fann stundum ákaflega löngun að fara burt frá föðurhúsum og þangað, sem eg gæti verið lausari við hirtingu og ákúru.“⁶

Söngur og kveðskapur var yndi hans á þessum árum. Ekki er vitað til hversu mikill bóklestur hafi verið stundaður á heimilinu en Njáls saga var þar og lesin á hverjum vetri. Í prófvottorði Eiríks er þess getið að hann hafi notið heimakennslu undir skóla og hefur faðir hans kennt honum. Var hann talinn hafa verið góður lærdómsmaður. Magnús dó í hárrí elli tæpra 94 ára gamall eftir um 60 ára prestþjónustu og var síðast starfandi í Eyðölum í Breiðdal.⁷

Eiríkur hóf nám í Reykjavíkurskóla 16 vetra gamall og útskrifaðist þaðan 1856 með fyrstu einkunn og próf úr Prestaskólanum 1859. Hann starfaði við fjölbreytt störf, við verslun, var kennari, þingskrifari, sýsluskrifari og var í þjónustu landfógeta og bæjarfógeta 1859-1862, sem þá var Vilhjálmur Finsen (1823-1892), einn merkasti lögfræðingur íslenskur. Á þessum árum hafði hann hafið útgáfu handrita Grágásar. Síðar var Vilhjálmur skipaður dómari við hæstarétt Dana. Má segja að öll þessi mismunandi störf hafi fært Eiríki dýrmæta reynslu og margvíslega þekkingu á ýmsum sviðum.⁸

Fjölskylduhagir og áhugamál

Eiríkur festi ráð sitt 1857 er hann giftist Sigríði (1831-1915) Einaradóttur hattara í Brekkubæ. Sá ómótstæðilegi grallari Benedikt Gröndal (1826-1907) segir í ævisögu sinni *Dægradvöl*: „Sigríður var ... fjörug og gáfuð, lék á gítar og söng vel. ... Þá var Brekkubær lítið kot og dálítill stofa eða hús niðri; þar komum við oft saman og var þá glatt á hjalla.“⁹ Líklegt er að sönglistin hafi tengt þau Eirík og Sigríði saman því hún var yndi beggja.¹⁰ Þau eignuðust tvö börn sem bæði fæddust andvana. Mun það hafa verið þeim báðum erfitt, mikill harmur og haft sín áhrif.¹¹

Á þessum árum var stofnað leynifélag í Reykjavík sem í fyrstu var nefnt „Leikfélag andans“ en síðar „Kvöldfélagið“. Markmið þess var að „reyna að vekja innlent mentalíf sér í lagi í skáldskap og fögrum mentum“ eins og tekið er fram í lögum þess. Líklegt er að Eiríkur hafi verið einn helsti hvatamaður að stofnun



Eiríkur og kona hans Sigríður Einaradóttir. Myndin er tekin í Kaupmannahöfn og er í eigu Þjóðminjasafns Íslands.

félagsins en varðveist hafa drög að lögum félagsins með hendi hans.¹²

Á Reykjavíkúrárunum lék Eiríkur í ýmsum leikritum ásamt bestu vinum sínum en þeir voru skáldin Benedikt Gröndal, Matthías Jochumsson (1835-1920) sem þá var einnig við nám í Reykjavík og Steingrímur Thorsteinsson (1831-1913), Sigurður Guðmundsson málari (1833-1874) og Helgi Helgesen skólastjóri (1831-1890). Á þessum árum var flutt danska leikritið „Ævintýri á gönguför“ eftir C.C. Hostrup en það átti lengi síðar eftir að vera oft á fjölnum enda vinsælt meðal Íslendinga. Eiríkur lék Skrifta-Hans, eitt eftirminnlegasta hlutverk leikrísins. „Útilegumennirnir“ eftir Matthías Jochumsson var einnig leikið fyrsta sinni á þessum misserum. Síðar jók Matthías við og umskrifaði og úr varð „Skugga-Sveinn“. Léku þau Eiríkur og Sigríður unga ástfangna parið, Harald og Ástu.¹³

Vendipunkturur

Eiríkur sótti um og fékk brauð 1861, fæðingarstað sinn Beruförð, en fór þangað hvergi enda bar nú nokkuð að sem átti eftir að verða vendipunkturur í lífi hans. Eiríkur þótti snemma afburðanemandi í tungumálum og nam auk þess ensku, sem ekki var kennd í Lærða skólanum, og lagði sig fram að ná góðum tókum á þessu útbreidda tungumáli. Notaði hann hvert tækifæri sem



Mynd af Eiríki tekin í Leibzig. Ekki er vitað hvenær. Myndin er í eigu Þjóðminjasafns Íslands.

gafst að ræða við erlenda sjómenn, kaupmenn og ferðamenn sem til Reykjavíkur komu til að þjálfa sig, sem kom honum síðar vel.¹⁴ Sumarið 1858 tók hann að sér ferð fyrir tvo enska náttúrufræðinga og 1861 kom hingað til lands Breti nokkur, Isaac Sharp að nafni, en hann var á vegum breska biblíufélagsins sem gerði Hinu íslenska biblíufélagi tilboð um að veita því styrk til að gefa út endurskoðaða þýðingu *Nýja testamentisins*. Var því tekið með þökkum og þýðendurnir sem báðir voru kennarar við Prestaskólann, þeir Pétur Pétursson (1808-1891) síðar biskup og Sigurður Melsteð (1819-1895) kennari við Prestaskólann, leituðu til Eiríks um að hann tæki að sér prófarkalestur fyrir félagið. Brátt var tekin sú ákvörðun að þýða alla biblíuna að nýju. Var hún prentuð í Lundúnum á Englandi árið 1866. Þetta vandasama verkefni varð til þess að Eiríkur varð ekki sveitaprestur eystra en tók að sér prófarkalestur og undirbúning prentunar biblíunnar og átti eftir þetta heimili í Englandi.¹⁵

Eiríkur hélt ásamt Sigríði konu sinni utan með póst-

skipinu Díönu til Skotlands í júní 1862. Með skipinu var enskur stúdent frá Wales, George Powell að nafni, sem var að koma úr Íslandsför og hafði ferðast nokkuð um landið. Með þeim Eiríki og Powell varð nán vinátta og áttu þeir á næstu árum mikið og gott samstarf, einkum við þýðingar íslenskra bókmennta á enska tungu.¹⁶ Eigi er vitað með fullkominni vissu hvað olli hinum mikla áhuga Powells á Íslandi, bókmenntum og sögu, en nokkru áður en hér var komið sögu hafði komið út þekkt ferðabók Dufferins lávarðar: „*Letters from High Latitudes*“, og árið áður ensk þýðing á *Njáls sögu*.¹⁷

Heimsborgarinn í Lundúnum og Cambridge

Þeir Eiríkur og Powell hófu merkt samstarf á sviði íslenskra bókmennta með því að þýða helstu sögurnar úr fyrra bindi þjóðsagna Jóns Árnasonar, sem þá var nýkomið út. Eiríkur snaraði og las fyrir en Powell ritaði niður og hefлаði málið.¹⁸ Þýðing þeirra „*Iceland Legends*“ kom út 1864 og 1866 og er þar birt eftir fyrir-sögn Eiríks teikning þýska listamannsins, Zwecker að nafni, sem var búsettur í Lundúnum. Mun hér vera komin fyrirmynd að „Fjallkonu“ Benedikts Gröndals frá 1874.¹⁹

Um tíma gegndi Eiríkur jafnframt prestþjónustu í dönsku sendiráðskirkjunni í Lundúnum eða fyrri hluta árs 1863, og eru prédikanir hans varðveittar í Handritadeild Landsbókasafns.²⁰

Eiríkur ferðaðist töluvert um Evrópu, einkum um Frakkland og Þýskaland, með Powell. Um nokkurt skeið dvöldu þeir í franska iðnaðarbænum Thiers í Mið-Frakklandi skammt frá bænum Vichy þar sem þeir störfuðu saman að margvíslegum þýðingum og orðabókargerð. Um þær mundir voru fáar orðabækur til og engin sem tengdi saman ensku og íslensku. Tóku þeir til hendinni við að draga saman efni í orðabók, en þegar þeir fréttu að Guðbrandur Vigfússon (1827-1889) væri að vinna að sama verkefni í Oxford þar sem hann starfaði sem bókavörður, lögðu þeir árar í bát. Lítið varð því úr þessum áformum. Einnig voru þeir Powell í þýsku borginni Leipzig veturinn 1864-65 og París 1865-66. Eiríkur settist að lokum að í Bretlandi, stundaði ritstörf í Lundúnum 1866-71 og þýddi ýmis rit, m.a. í samvinnu við William Morris.²¹

Eftir að Eiríkur settist að á Englandi starfaði hann mikið við þýðingar jafnframt kennslu og prófarkalestri vegna útgáfu *Bibliunnar*. Hann vitnaði oft til þess í bréfum sínum til kunningja og vana að hann ætti „gömlu bókinni“ þ.e. *Bibliunni* svo margt gott að þakka. Þá tók Eiríkur þátt í starfi fjölda félaga bæði á Englandi og Danmörku. Eftir að mótblástur af hendi Dana gegn Íslendingum endaði með setningu Stöðulaganna 1869, þá varð það til að efla og stæla fylgismenn Jóns

Sigurðssonar, ekki síst geðríka ákafamenn eins og Eirík sem aldrei vildi hvika frá markmiðum sínum. Þannig var Þjóðvinafélagið stofnað 1871 á Íslandi og um líkt leyti í Kaupmannahöfn „*Atgeirinn*“ sem var allróttækt leynifélag og margir íslenskir stúdentar tóku þátt í.²²

Meginstarfsvettvangur Eiríks var utan bókasafnsins norræn fræði. Hann tók þátt í starfsemi fjölmargra breskra félagasamtaka á því sviði eins og í málfræðingafélaginu „The Cambridge Philological Society“ og fornfræðingafélaginu „The Cambridge Antiquarian Society“.²³ Fjölmargt útskýrði Eiríkur tengt norrænum fornþekkingum og er sumt mjög frumlegt eins og skýringin á Sleipni, hesti Óðins. Þennan áttfætta hest taldi Eiríkur vera engan annan en vindinn, sem eftir norrænum hugmyndum gat blásið úr átta áttum.²⁴

Tilfnið að því að Eiríkur settist að í Cambridge er ekki alveg ljóst, en hann bjó þar í 42 ár. Jafnvel þótt Eiríkur hafi verið siskrifandi mestalla sína ævi er ekki stafrók eftir hann að finna þar sem hann víkur að þessari merku menntaborg, en sögu háskólans þar má rekja allt aftur til 13. aldar.²⁵

Eiríkur ráðinn bókaforseti í Cambridge

Á Lundúnaárum Eiríks kynntist hann vel safnastarfi í Bretlandi, einkum í breska þjóðbókasafninu, British Library. Þá kynnti hann sér eign breskra safna á íslenskum bókum og einkum handritum. Má fræðast um það í bréfum Eiríks og Jóns Sigurðssonar. Eiríkur hafði auk þess milligöngu um að útvega breskum söfnum bækur um norræn fræði. Um þær mundir var verið að byggja upp bókaforseti í þessum fræðum í breskum háskólum vegna aukins áhuga á tengslum enskunnar við germönsk mál. Allt þetta starf hefur komið honum vel þegar hann árið 1871 var ráðinn bókaforseti í Cambridge. Um starfið sóttu alls 78 og það ólíklegasta var að Eiríkur varð hlutskarpastur og var tekinn fram yfir aðra! Ýmsir fræðimenn og aðrir menntamenn, sem kynntust Eiríki og störfum hans, hafa efalaust mælt með honum í þetta vandasama starf. Meðal annarra mun Isaac Sharp, sem áður er getið, hafa átt umtalsverðan þátt í að Eiríkur fékk starfið, enda talið að Eiríkur væri öðrum fremur líklegur til að efla þau fræðisvið sem tengja ensku við germönsku málin. Þá er vitað að hann hafði milligöngu um útvegum bóka fyrir háskóla-bókasafnið, einkum sem tengdust norrænum fræðum og enskri fornfræði.²⁶

Á þessum árum var töluverður skortur á velmenntuðum fornfræðingum, einkum á sviði norrænna fræða, og sennilegt er að það hafi átt þátt í að Eiríkur var ráðinn.

Ekki leið á löngu þar til Eiríkur var sem sérfræðingur í norrænum fræðum fenginn til að kenna stúdentum. Báðum þessum störfum gegndi Eiríkur til 1909 eða í 38 ár.²⁷

Forstöðu bókasafnsins veitti bókaforsetur að nafni Henry Bradshaw, um tveim árum eldri en Eiríkur. Hann hafði starfað í safninu frá 1859 og var margfróður vísindamaður á sviði bókfræði. Henry flokkaði og skráði vögguprent Cambridge-háskóla og má rekja reglur um flokkun og skráningu incunabula (vögguprents) til hans.²⁸

Viðfangsefni Eiríks í bókasafninu voru fyrst og fremst fólgin í að færa í bókaskrár allar erlendar bækur og tímarit sem safninu bærust. Þá sá hann um að endurskrá allt sem snerti Norðurlönd og annast bókakaup þaðan. Áttu þeir Eiríkur og Jón Sigurðsson gott samstarf, en Jón var milligöngumaður Cambridge-háskóla um innkaup bóka og tímarita frá Norðurlöndum. Hefur Jón væntanlega fengið afslátt vegna magnkaupa en af einu bréfi má ráða að Jón lagði 16% þóknun á bóka-sendingarnar.²⁹

Um dagleg störf sín á safninu og vinnutíma skrifar Eiríkur Jóni Sigurðssyni 1871: „Eg á að vera í bókhöðunni á hverjum degi kl. 9 á morgnana, sem er útlátalítið fyrir mig, sem fer oftast á fætur um kl. 7, og vera þar þangað til kl 2 ½, þá er minn vinnutími úti. En á laugardögum á eg að vera þar að eins frá 9 - 1 ... Eg hefi marga frídaga um hátíðir og helgra manna daga og þar á ofan 60 daga feru [þ.e. frí] um miðsumarsleytið“, greinir hann Jóni sínum frá breyttum högum sínum.³⁰

Árið 1878 varð hann útnefndur Master of Arts (meistari) við háskólann fyrir lærdóm sinn og verðleika og voru þá jafnframt veitt öll háskólaréttindi. Sama ár fékk hann vísindafjárstyrk til þess að ferðast um Norðurlönd og rannsaka heimildir um rúnir og rím. Ritaði hann allitarlega og mjög fróðlega og lifandi ferðasögu til Svíþjóðar. Birtist hún í Akureyrarblaðinu Norðlingi 1878-1880 og verður væntanlega endurútgefin innan tíðar.

Árslaun Eiríks námu 250 sterlingspundum fram til 1883 en þá voru þau hækkuð í 300 pund, þannig að hann hefur varla talist hafa verið á flæðiskeri staddur. Voru þessi laun sambærileg við betri laun sýslumanna á Íslandi undir lok 19. aldar, en hvert sterlingspund var jafnvirði 18 danskra króna á ofanverðri 19. öld. Eftirlaun fékk hann 200 pund og auk þess 50 pund úr styrktarsjóði „The Lathan Pension Fund“. ³¹ Mættu launagreiðendur á Íslandi í dag hafa þetta í huga!

Ritstörf Eiríks

Eiríkur hafði í áráðir merka samvinnu við nokkra Englendinga, og er samstarf hans við Powell og síðar William Morris einna merkast. Áður var minnst á þýðingavinnu með Powell. Þá þýddi Eiríkur „*För pilgrímsins frá þessum heimi til hins ókomna*“ eftir John Bunyan (Pilgrim's Progress), sem talin er vera afburðapýðing og fékk góða dóma jafnvel frá hinum



Sennilega þekktasta myndin af Eiríki, íbúningi háskólakennara. Myndin er tekin í Cambridge og er í eigu Þjóðminjasafns Íslands.

vandlátustu ritdómurum þegar ritið kom fyrst út á íslensku 1876.³²

Eiríkur Magnússon var eftirsóttur fyrirlesari á sviði norræna fræða og þekkingar jafnframt því að vera mjög lipur rithöfundur og greinahöfundur. Er til fjöldinn allur af ritgerðum, greinum og bæklingum eftir hann, enda tók hann oft pennann í hönd af ýmsu til efni. Hann lét sér ekki nægja að rita í íslensk og ensk blöð, heldur átti hann jafnvel til að rita í frönsk og þýsk blöð, eins í blöð Vestur-Íslendinga er deilan harðnaði um svonefnt bankamál sem síðar verður vikið að.³³

Náinn vinur hans, Þorsteinn Erlingsson (1859-1914) skáld, sagði um grein varðandi Yggdrasil: „Það er hreinasta fjallaloft, málið hjá honum Eiríki, og það er eins og maður verði alt af betri og íslenskar maður við það að lesa rit hans.“³⁴

Um bókasöfn

Ein af framsæknum greinum Eiríks fjallar um það fyrirbæri sem nú er almennt nefnt almenningsbókasöfn. Reynsla hans frá Englandi er honum, sem svo oft síðar kemur í ljós, leiðarvísir um hvað hin fátæka, einhæfa

og að nokkru leyti frumstæða þjóð norður við ysta haf skyldi gera:

„Alstaðar keppast nú og bæir á Englandi við að koma upp bæjarbóksöfnum, Free Libraries, sem öllum eru frjáls til afnota fyrir ekkert, sem borga bæjargjöld (borough rates), og velja bæjarstjórnir nefnd frá ári til árs til að úrskurða hvaða bækur skuli keyptar og blöð haldin og tímarit.

Maður getr með sönnu sagt, að fjölgun gagnlegra bókasafna sé eitt aðaleinkenni þessa tíma meðal menntaðra þjóða. Það er líka auðséð hver gagnsemi má að slíkum söfnum verða, þegar snikkari, hattari, skósmiðir, beykir, skraddari, bátsmiðir, veggjörðarmaður, brúsmiðir, ingeniör — hver iðnaðarmaður sem til nefndr verður — getr gengið í bókasafnið, fengið þar að kynna sér bækur er með ljósum reglum, skýringum og uppdráttum kenna þeim hina beztu aðferð hannyrða þeirra. Öll stefna verklegar bókvísi nú, er að koma mönnum af káki og föndri, sem er að eins tíma glundroði og þýðingarlaus fjáreyðsla, á vísindalega aðferð (methode) í vinnu og verki, sem nú er orðinn þýðingarmikill kapítuli í þjóða-hagfræði.

Ég minnst þannig á verklega bókvísi af því, að ég ímynda mér að landsbókasafnið sé ekki auðugt í þeirri grein, en auðsætt er að mjög mikið ríðr á því, að það væri það, og ég vil bæta því við, að alþingi gjörði þarft verk að veita fé til þess, að safnið gæti fengið hinar þörfustu bækur er skráðar hafa verið um þær tegundir verka, er Íslendingum er brýnust þörf að fræðast í, og gengist fyrir að láta þýða slík rit á landssjóðs kostnað. Það ætti að geta orðið að góðu liði meðan þing ekki sér sér fært að stofna skóla í verklegum vísindum (technik mechanik, praktiskri physik), sem þyrfti riflegar fjárframlögu ef hann ætti að duga nokkuð, en er þó ein sú framfarastofnun er landi ríðr hvað mest á.“³⁵

Í þessari grein bregður fyrir nokkrum orðum sem einna fyrsta koma þar fyrir í íslensku ritmáli, en áttu seinna sum hver eftir að verða vinsæl meðal margra. Orð eins og „bæjarbókasafn“, „bæjargjöld“ (nú nefnt útsvar), „veggjörðarmaður“, „vísindaleg aðferð“, „þjóða-hagfræði“ og „bókvísi“ svo eitthvað sé nefnt. Orðið „glundroði“ kemur fyrir í þessum texta og átti síðar eftir að verða vinsælt meðal áhrifaríkra stjórnámálanna á vissu tímabili á Íslandi og var smíðuð heil kenning um það: „Glundroðakenningin“!

Á þessum tíma voru bókasöfn á Íslandi til almennra nota í bernsku. Víða voru bókasöfn í einkaeigu eða embætta sem nýttust fyrst og fremst eigendum sínum eða vörsluaðilum.

Að sníða sér stakk eftir vexti

Í greininni í Þjóðólfi kemur Eiríkur inn á þörfina að byggja sérstaka húsbyggingu yfir Landsbókasafnið í Reykjavík. Það var stofnað 1818 sem Stiftsbókasafn og

Den er, ef allt skal segja, hið bláugusta þjóðmót sem
 nokkrir mátt hefja við Íslendingum í allri sögu landins,
 verið þótt í Fótta. Þótt þeim fyrir ákveðningum gerir alla
 helstu menn landins að svikurum, og fólurum og lögur.
 um. Hið sama er, að kvöldið 31. október þegar og kvöldi
 allra tíða, það kom mig fyrir til Stefánu bróður síns,
 og þýgði þá óvinsældar þráttir þínar. Ég var í
 eiginum vafa um það, að þetta var Times með brófi
 Guðs. Þótt þetta minni hélt ég að sendingin væri
 ekki áminnd um að vera svikurum og hugleiddi þá, hvort
 til gengrinn mundi vera að þá brófi G. þótt í Fótta,
 em þell þú þú aftur af þú að óvinsældar hlýti að
 vera, að hinni þjóðdrembun Norðlingar létu það
 nokkurn tíma af sér þýgja, að ákveða elskil við
 um saklausa þjóð sína í bótum þínum á höfnum
 við miskenningarlegu þjóðskapnum. Það má líklega
 leita að lestri að þú, sem komu sönnun sem næst
 hvort Times hafi gefið þú með þótti. Þótt þú og
 brófi var afhent á Akreyri 12. nóvember, hvað lengu
 seinna brófi Guðs. Kom í Fótta man og ekki, em það
 verið við fundið á landsbókasafninu. Lík sem þjóðin
 brófið var Haldró Brim, tvo daga mír þóttu

Þótt þú og þú hafa verið
 samlega að sögu keminn. Ég þarf nú að hafa
 þetta eftir mér svo sem sögu nú þýgja eftir all.
 og hafi átr gefið þetta allt í skýja í bláum í Þótt
 Skuld, minni míg og þjóðdófi, nema Haldró þútt
 sem ekki hefja átr verið nefnd og stífti eiginlegu
 engu. Þáttar Fótta og hans ritstjórnar, sem þóttu
 öngin byttar á næst eftir all.

Ég er nú að tala saman ágríp af sögu málsins
 eins og það væri Guðs. og allu og að láta þú frá
 eins og innangang til þess brófi þútt þóttu til Times
 sem kom út 3. jún 1883. Ég þútt ekki átr em að
 mönnum hlytti átr að lesa þá composition. Ég þótt
 þótt þútt að álega löngku til þess að þýgja þútt
 verið þútt stýgja högnamala Guðs. Ég vona, að
 þútt að þútt þútt þútt með Benedikt. Em ég vil
 ekki, að þútt þútt á þútt þútt annarsíttar á þútt þútt
 vera mælli að nauðuglegt þútt að þútt þútt við eiginum
 stóttam að aðhlegi þútt em öllu.

Þútt þútt, heill og vell!
 þútt einlegi þútt
 Eiríkur Magnússon

Sýnishorn af rithönd Eiríks

var lengst af á lofti Dómkirkjunnar í Reykjavík en hafði
 verið flutt í hið nýbyggða þinghús 1881. Hér kynnrir
 Eiríkur fyrir Íslendingum hugmynd sína um framtíðar-
 bókasafnið:

„En það er eitt atriði, sem mest ríður á, að við sé
 séð, að en lengra er farið, og það er, að fá landsbóka-
 safninu almennilegt húsnæði. Þar sem það er nú fer
 eins illa um það og orðið getr. Þar er alt trúðfult, að
 kalla, svo að ekkert útrými væri, að minsta kosti, ef það
 yxi árlega að nokkrum mun.

Ég vildi ég mætti búa Íslandi til bókasafnhús eftir
 uppdrætti sem ég hefi gjört. Aðal hugmyndin í honum
 er sú, að hafa húsið svo lagað í fyrstu, að altaf megi
 auka við það eftir þörfum, án þess að hrófla við nokk-
 urri niðröðun bóka sem einu sinni hefir verið gjört.
 Húsið skyldi vera kringlótt í upphafi, með lestrar sal í
 miðju og glerhvolfi yfir, en fara þó það á ská við hring
 að veggir hrings ekki mætist, heldr færðu á mis, svo að
 áframhald veggisins vefði sig utan um lestrarsalinn,
 áþekt bobballíki, og væri bilið milli beggja veggja með
 glerpaki, eða fengi ljós sitt að ofan. Þegar stækka þyrfti
 safnið, þyrfti ekki annað en lengja ytri vegg stöðugt
 hringinn í kring, svo að aldrei þyrfti að gjöra nema

einn vegg; en blinddyr væru gjörðar á ákveðnum
 stöðum á veggnum, sem þá væru opnaðar, er hann
 væri svo lengdr að þær yrðu innan húss, svo að alt af
 mætti ganga beint úr lestrar sal í svo og svo margar
 áttir út að yzta vegg eftir geisla línu hringsins. Ég er
 hræddr þér þyki ég æði óglöggr, en hugmyndina
 muntu sjá; hún er einföld. Fyrsta stofn lítills bóksafns
 eins og landsbókasafnið er, mætti reisa með þessu lagi
 mjög ódýran; því það haganlega við lagið er, að hvert
 bókasafn sem notaði það, sniði sér stakk eftir vexti og
 færði sig ekki út óðar en á lægi. Veggina mætti hafa
 úr íslenskum steini og alt er innan húss væri til stoðar
 og bindings, úr járn. Öllum sem ég hefi sýnt uppdrátt
 minn þykir hann góðr að öllu nema einu leyti; hann
 þykir ekki fríðr, og það játa ég að hann er ekki. En bók-
 söfn eru ekki til skrauts heldr gagns, og svo þarf þetta
 lag ekki að gjöra bókasafn ófríðara en aðrar hringbygg-
 ingar, sem margar eru til, fríðar og ófríðar.“³⁶

Þegar Jón Sigurðsson sótti um stöðu rektors við
 Lærða skólann í Reykjavík hugleiddi Eiríkur alvarlega
 að sækja um kennarastöðu þar undir stjórn Jóns og
 flytja alfarið til Íslands. Síðar eftir að grein hans um
 bókasöfn birtist í Þjóðólfi og áður er getið, kom hon-



Eiríkur á efri árum.

um einnig í hug að sækja um starf landsbókavardar. Það var lengi hlutastarf Jóns Árnasonar (1819-1888) þjóðsagnasafnara, sem einnig var húsvörður Lærða skólans. Af hvorugu þessu varð.³⁷

Hugmynd að framtíðarbókasafninu í augum 19. aldar Íslendinga

Eiríkur átti eftir að rita fjölda greina um framtíðarbókasafnið, þ. á m. í danska verkfræðitímaritið *Ingeniören*. Þar birtist árið 1896 grein eftir Eirík um framtíðarbókasafnið. Það verður að teljast til tíðinda að bókavörður af íslenskum ættum fær birta grein í virtu dönsku fagtímariti.

Í upphafi greinarinnar gerir Eiríkur grein fyrir þekkingu sinni í bókvisi og þeim fræðum sem við í dag kennum við upplýsingatækni. Þá vísar Eiríkur að því hve prentun bóka hafi tekið miklum breytingum frá upphafi bókagerðar, og séu fáar byltingar sem hafi í sögunni orðið jafnafrifaríkar sem framþróun prentunar. Þar hefur hver breytingin rekið aðra. Prentun og framleiðsla bóka hefur orðið margfalt meiri og örari eftir því sem nær dregur nútímanum og valdið erfiðleikum í bókasöfnum vegna þrengsla. Eiríkur minnst á bókasafnsbyggingar og telur að eðlilega hafi klassíska húsformið, fjórir veggir með réttum hornum, hafa reynst að mörgu leyti vel. En – þegar bækur verða svo margar að torvelt verði bæði fyrir notendur bókasafna sem og starfsmenn að hafa gott yfirlit yfir allan bókaforðann, þá sé nauðsynlegt að brjóta upp þetta klassíska form sem einkennist af fjórum veggjum. Hugsa þurfi um skipulag og fyrirkomulag bókasafnsins upp á nýtt.

Eiríkur minnst á að hann hafi í aldarfjórðung starfað í háskólabókasafninu í Cambridge. Þar eiga bókaverðir í vaxandi erfiðleikum við að halda utan um bókaforðann, mikill og þungur burður á bókum er sí-

felt að verða meiri, hvinnska á bókum vaxandi og þar fram eftir götunum.

Eiríkur sér fyrir sér hringlaga grunnsnið þar sem kjarni bókasafnsins verði nánast sem óbreyttur um ókomin ár. Frá miðjunni eru gangar til allra átta, þannig að alltaf megi rata inn að miðjunni og ekki þarf að fara nema stystu leið eftir göngunum. Síðan er byggt við bókasafnið eftir þörfum þannig að viðbótin minnir einna mest á hrútshorn sem stækkar eftir því sem aldurinn færir yfir skepnuna. Er hugsunin sú að allþykkur burðarveggur sé byggður og liðist eins og spirall út frá miðjunni.³⁸

Frumleg hugmynd Eiríks féll mjög vel í kramið, en árið 1893 hlaut hann gullverðlaun í París fyrir þessa óvenjulegu hugmynd um bókasafnsbyggingu með ótakmarkaða möguleika um stækkun eða eins og segir: „won a gold medal in Paris for a plan for a library building capable of unlimited expansion.“³⁹

Afskipti af íslenskum málefnum Þjóðhátíðin 1874

Sumarið 1874 var eftirminnlegt enda haldið hátíðlegt 1000 ára afmæli landnáms. Af því tilefni kom konungur Dana og Íslendinga til landsins auk fjölda annarra tiginna gesta. Var Eiríkur fyrir þeim gestum sem frá enskumælandi löndum komu. Flutti hann margar ræður af því tilefni og mæltist vel fyrir. Kristján 9. varð það heillaður af máli Eiríks að hann kvaðst vilja að börn sín öll næmu íslenska tungu. Líklegt er að þessi atburður hafi verið einn sá mikilvægasti í lífi þessa 41 árs gamla Íslendinga sem hafði valið sér að starfa meðal erlendra þjóða.⁴⁰ Og einnig er líklegt að öfundarhugur og tortryggni hafi þá búið um sig hjá þeim sem síðar áttu eftir að verða honum andstæðir.

Sauðasala og hjálparstarf

Eiríkur átti drjúgan þátt í að sala lifandi sauðfjár til Bretlands hófst 1866. Þessi verslun byggðist á því að ensk skip fluttu enskar iðnaðar- og verslunarvörur til Íslands en til baka lifandi sauði. Var þessi verslun í fyrstu mjög hagstæð og ábatasóm íslenskum bændum enda fengu þeir greitt í peningum, jafnvel gulli, sem þá þóttu mikil tíðindi.⁴¹

Tvívegis átti Eiríkur frumkvæði að fjársöfnunum í Bretlandi í tengslum við erfiðleika af völdum náttúrunnar á Íslandi. Í fyrra skiptið vegna afdrifaríkra afleiðinga eldgossins í Öskju 1875, söfnuðust um 2.500 sterlingspund eða 45.000 krónur á þágildandi gengi.⁴²

Í seinna skiptið var tilefnið ákaflega mikil harðindi sem gengu yfir Ísland á árunum 1880-1882. Í samtíðarheimild segir:

„Skáldið William Morris og Mag. Eiríkur Magnússon gegnst fyrir samskotunum á Englandi. Var borgar-

stjórinn í Lundúnum (Lord Mayor) formaður nefndarinnar. Söfnuðust þar saman á stuttum tíma 4800 pund sterling (86,400 kr.); en þegar minnst varði, var farið að hamast í enskum blöðum á móti gjöfunum, og barið fram að harðindin, sulturinn og seyran á Íslandi væri bábyljur einar og þvættingur. Þjett í því að þessi kvittur gaus upp, lagði Eiríkur Magnússon upp með gjafirnar á gufuskipi frá Englandi, og voru á því 350 smálestir (hver smálest [tonn] 10 tonn) matvöru, og nokkuð af heyi.⁴³

Sá sem gerði söfnun þeirra félaga tortryggilega var Guðbrandur Vigfússon (1827-1889) fornfræðingur og bókavörður í Oxford. Ritaði hann í breska dagblaðið *Times* og kvað enga ástæðu fyrir fjársöfnun handa „lötum Íslendingum“! Eiríkur taldi síðar að Magnús Stephensen (1836-1917), síðar landshöfðingi, væri hvatamaður þessara hatursskrifa.⁴⁴ Mæltust þessi skrif Guðbrands eðlilega illa fyrir á Íslandi. Tók fyrir alla fjársöfnun á Englandi handa bágstöddum Íslendingum eftir þetta. Tilgangurinn var augljóslega sá að grafa undan trausti á Eiríki, sem var þegar þarna var komið sögu virtur og vinsæll fræðimaður meðal Engendinga.⁴⁵

Samskot voru einnig í Danmörku og Noregi, m.a. að frumkvæði sr. Matthíasar Jochumssonar sem þá var prestur í Odda á Rangárvöllum. Á þessum árum eyddust tugir jarða í ofanverðri Rangárvallasýslu.⁴⁶

Í þessum tveim fjársöfnunum fengu fátækir bændur á vonarvöl breskt gjafakorn sem var að verðmæti yfir 130.000 krónur. Til samanburðar var útgefinn seðlaforði Landsbankans nokkrum árum síðar einungis hálf milljón króna við stofnun hans 1886! Komum við nú að eldfimsta málefnum þar sem Eiríkur kom eftirminnilega við sögu.

Bankamálið

Árið 1886 tók Landsbanki Íslands til starfa með lögum frá 1885. Í upphafi fékk hann rétt til seðlaútgáfu, en í raun gengu seðlar hans og mynt einungis innanlands. Eiríkur ritaði gríðarlega mikið um þetta mál, um 100 greinar og bæklinga í tengslum við bankamálið á árunum upp úr 1880 og fram yfir aldamótin 1900. Gagnrýndi hann í fyrstu mjög málefnalega fyrirkomulagið og taldi að hvergi nokkurs staðar innan breska heimsveldisins dytti nokkrum heilvita manni í hug að efna til bankastarfsemi með seðlaútgáfurétti án gulltryggingar. Tómt mál væri að koma upp trausti án gulltryggingar. Sennilegt er að orðatiltækið „að vera gulltryggður“ og að e-ð sé „gulltryggt“ eigi uppruna sinn í þessari umræðu. Útgáfuréttur Landsbankans til seðlaútgáfu var bundinn við hálf milljón eins og fram hefur áður komið.⁴⁷

Eiríkur var aldrei sáttur við stofnun bankans á þessum forsendum, enda taldi hann eðlilegt og rétt

91 Fenison Road

Cambridge, 1908

Besti vinur,

Þetta þökk fyrir bréf þitt frá 22. feb. eins og fyrir alla frammistöðu þína min vegna í afmæli málinu.

Eins og mál stótu eftir ávarpið, kvæti þitt og afi-ápripið í Óðni hefti líklega verið var. Síðlegast náð láta Magnús ónefndan til líkunar málsins 1882. Én ekki get eg sagt, að það gæmi mig né græti, þótt hún hafa nafn hins stráklýndaasta manns sem í embættið dessi hefir setið á Íslandi fari í það höf sem þú hefir í hallæris sögunni 1882, og skammta sögu Magnúsar. Ef á þig verður ráðið, þá getu þú einið vel sagt að eg hafi í áhyrnu þinni 1882 sagt, og ekki drógið nema hafa, að hím eini orði í Reykjavík sem hafi ógnt mér óvinattu hafi í hálamálum hafi verið sk. og að þú vilt ekki bett enn að eg hafið hafa algilda sömmun fyrir þú, að að hans sendilagi hafi bréf Guðs.

Upphaf á bréfi sem Eiríkur ritaði Þorsteini Erlingssyni að vordögum 1908 og þakkar honum fyrir afmæliksveðjur vegna 75 ára afmælis síns.

að seðlaútgáfan ætti að vera bundin við gulltryggingu. Þannig mætti bankinn vaxa hægt en bitandi og örugglega. Seðlarnir voru einungis prentaðir á framhlíð og undirskrift landshöfðingja látn nægja til að mynda nauðsynlegt traust. Seðlarnir voru tryggðir með nokkrum jörðum Landssjóðs, en jarðasafnið átti síðar eftir að aukast þegar prestar þjóðkirkjunnar urðu starfsmenn ríkisins gegn afhendingu kirkjujarða (1909). Átti það að duga gagnvart Íslendingum enda seðlarnir gjaldgengur gjaldmiðill til greiðslu skatta og viðskipta innanlands. Þar sem seðlarnir voru ekki gjaldgengir nema innanlands veitti Magnús landshöfðingi kaupmönnum og öðrum heimild til þess að senda pósthúsávarn frá pósthúsinu í Reykjavík til viðtakenda í Kaupmannahöfn. Við útborgun seðlanna í Höfn var stofnaður sérstakur viðskiptareikningur sem var bókfærður á tollatekjur Landssjóðs og rýrðu þar með afkomu landsins. Næstu árin gagnrýndi Eiríkur þetta fyrirkomulag mjög rækilega. Kannski hefur hann farið fram úr sér að einhverju leyti. Þannig fullyrti hann í grein einni að lögin um Landsbankann hefðu verið

samin af dönskum gyðingi en gyðingar höfðu verið búsettir í danska ríkinu frá því á 17. öld og voru áhrifamiklir í dönsku fjármálagi 19. aldar.⁴⁸ Þetta fyrirkomulag olli því að vöruskiptaverslun bænda hélst áfram, enda vildu kaupmenn fá flest annað sem greiðslu en þessa nýju Landsbankaseðla. Næstu ár nánast tæmdist allt landið af góðmálum, gulli og silfri, enda kærðu kaupmenn sig ekki um þessa Landsbankaseðla sem voru einskis virði erlendis, ættu þeir annarra kosta völ.⁴⁹ Líklegt er að þarna sé komin meginástæðan fyrir því að við Íslendingar höfum setið uppi með handónýtan gjaldmiðil í meira en öld!

Mjög harkaleg málaferli urðu stundum út af skrifum Eiríks. Árum saman deildi hann við ritstjóra *Ísafoldar* sem var æskuvinur hans, Björn Jónsson (1846-1912). Sumar fullyrðingarnar sem þeim fóru á milli eru vart prenthæfar, enda voru þetta varhugaverðir tímar í sögu þjóðarinnar. Er rétt að vísa í *Landsyfirréttadóma*.⁵⁰ Má geta þess að á þessum árum birtust auglýsingar stjórnvalda í *Ísafold*. Með gildum rökum má fullyrða að ákvörðun landshöfðingja hvar birta skuli stjórnvaldsauglýsingar, hafi jafnast á við mútur til „vinsamlegra“ ritstjóra. Eðlilega varð því Björn að lúta sjónarmiðum valdhafa, ella missa af þessum auglýsingum sem ritstjórar kepptust um að fá. Á þessu fyrirkomulagi varð breyting 1907 er „*Lögbirtingablað*“ hóf göngu sína með auglýsingum stjórnvalda. Í umræðum á þingi um það mál kemur fram að þessar tekjur gátu staðið undir kostnaði við prentun og pappír.⁵¹

Eiríkur var í bréfaskiptum við fjölda manna. Einn af þeim var kaupstjórinn, alþingismaðurinn og þegar hér var komið sögu bankastjóri Landsbankans, Tryggvi Gunnarsson (1835-1917). Í síðasta bréfi Eiríks til Tryggva dags. 18. mars 1893 er ítarleg útlitun á sjónarmiðum bréfitara um bankamálin. Hefur viðtakandi ritað athugasemdir sínar með blýanti. Neðst á einni síðunni hefur Tryggvi ritað með blýanti: „Stopp, nenni ekki að lesa meira.“⁵²

Bókavörðurinn í Cambridge átti sér góðan trúnaðarvin á Íslandi sem var Þorsteinn Erlingsson (1858-1914) skáld og ritstjóri. Auk þess að trúnaðarvinur fyrir viðkvæmum upplýsingum um menn og málefni samtíðarinnar ber hann undir hann ýmsar þýðingar, en Eiríkur þýddi á ensku þjóðsöng Íslendinga og auk þess „*Allt eins og blómstrið eina*“. Hvort tveggja var honum mjög kært, og vænt þótti honum um að Þorsteinn reyndist honum afburðavel í þessum málum öllum.⁵³

Eiríkur var látinn sæta ritskoðun á Íslandi, fyrst í *Ísafold* og síðar *Þjóðólfi*. Eftir að honum voru öll sund lokuð á Íslandi snéri hann sér að Vesturheimsblöðunum *Heimskringlu* og *Lögbergi* sem gefin voru út í Winnipeg, Kanada. Þegar líða tók á árið 1890 var ritskoðun einnig beitt á hann í þeim blöðum. Fékk nú Eiríkur hvernig birtar greinar sínar í íslenskum blöðum næstu miss-

eri nema í *Þjóðviljanum* sem Skúli Thoroddsen (1859-1916) gaf út á Ísafirði. Í bréfi Skúla Thoroddsens dags. 6. maí 1893 á Ísafirði er merk leiftrandi lýsing á stöðu mála. Skúli hafði verið hrakinn úr embætti sýslumanns og meint brot hans í starfi rannsókuð. Þegar hér var komið sögu hafði rannsóknardómarrinn Lárus H. Bjarnason (1866-1934) lokið rannsókn og ákært Skúla, lagt á hann farbann og dóms var að vænta. Á þessum árum var svonefnt inquisitorískt réttarfar á Íslandi, arfur frá Spánska rannsóknarréttinum þar sem rannsókn, ákæra og dómsvald var á sömu hendi.

Skúli er á krossgötum, honum líður illa, feryfir stöðu mála og hvað hann hyggst gera í framtíðinni. Hann er augljóslega í mikilli depurð en gerir hnarreistur upp hug sinn við að verja hendur sínar og vill halda útgáfu *Þjóðviljans* áfram. Undir lok bréfsins býður hann Eiríki samstarf.⁵⁴ Líklegt er að ein af meginástæðum þess að landshöfðingi ákvað um sumarmál 1892 að láta til skarar skrifa gegn Skúla Thoroddsen sýslumanni, þingmanni og ritstjóra hafi verið einkum sú, að Skúli var eini ritstjóri íslensks blaðs sem birti greinar Eiríks. Þá tók Skúli undir gagnrýni hans og tók svari hans.⁵⁵ Þessi umdeilda aðför gegn Skúla og gríðarleg málaferli í kjölfarið hafa verið nefnd „Skúlamál“, einhver svæsnasta misneyting á opinberu valdi í sögu Íslendinga. Því miður hefur þetta ekki enn verið fullilega rannsakað, né hvernig ritskoðun hafi verið beitt sem stjórnvaldstæki. Eiríkur var sá menntamaður 19. aldar sem alltof mörgum virðist hafa yfirsést og e.t.v. enn aðrir viljað gleyma. Líklegt er að endurskoða þurfi sögu Íslands undir lok 19. aldar og kringum aldamótin 1900 með nýjum rannsóknum.⁵⁶

Bogi Th. Melsteð (1860-1929) sagnfræðingur vék síðar að bankadeilu þessari í minningarorðum um Eirík látinn og sitthvað í orðum hans minnr á allra síðustu tíma: „Fyrsta atriðið hjá Eiríki Magnússyni var það, að bankaseðlarnir eiga að vera innleysanlegir með gulli og nægilegur gullforði jafnan í bankanum til þess að leysa þá inn. Í þessu aðalatriði hafði hann alveg rjett fyrir sjer. Engin vitur og hyggin landsstjórn hefur á síðari árum, eftir að nægileg reynsla í þeim efnum hefur verið fengin, stofnað seðlabanka (þ. e. banka, sem gefur út seðla) án þess að bankinn sjálfur ætti gullforða til þess að leysa inn seðla sína. Slíkt heyrir til liðinni tíð. Það var dýrara fyrir Ísland að stofna svona banka í upphafi en að setja banka upp eins og Landsbankann, og þess vegna var það eigi gert. En það hefði samt borgað sig. Íslendingar komu þessu eigi heldur í lag, þá er tækifæri var til þess. Ef íslendingar í upphafi hefðu stofnað seðlabanka með gullforða, eins og Eiríkur Magnússon vildi, og gætt þess að láta hann vaxa smátt og smátt eins og sönn nauðsyn krafði, þá hefði bankamál þeirra og fjárhagur verið betur kominn en nú er; þá hefði aðeins verið einn banki á Íslandi, sem landið

hefði átt, og ef honum hefði verið vel stjórnað, hefðu menn komist hjá hinum miklu fjárglæfrum, sem áttu sjer stað eftir að bankarnir urðu tveir, og mikið af þeirri spillingu og óráðvendni, sem þeim voru samferða. — Glæframennirnir hins vegar hefðu eigi getað slegið um sig eins og þeir hafa gert. En Íslendingar gerðu bankamálið að persónulegu máli og þar við situr“.⁵⁷

Önnur ritstörf

Af ritaskrá Eiríks, sem Stefán Einarsson tók saman, hefur Eiríkur verið mjög virkur höfundur á ótal mörgum sviðum.⁵⁸ Hann er mikilvirkur þýðandi og jafnvel útgefandi ýmissa fornrita, guðfræðirita, ljóða, jafnvel sálma, þjóðsagna og ævintýra. Sæg fyrirlestra og erinda lét hann prenta í Cambridge. Hann lagði umtalsverðan tíma í að rannsaka rúnir og rím, þ.e. fornt tímatal. Hann ritar um bókasafnsmál, bankamál, efnahagsmál og hagfræði, kirkjumál, stjórnmál og verslunarmál. Hann fylgist gjörlla með hag og menningarlífi landa sinna og fylgir skoðunum sínum fast eftir, enda hefur hann talið sig vera að breyta rétt. Líklegt er að honum hafi sárnað ákaflega ómakleg skrif Guðbrands Vigfússonar hallærisárið 1882 í breska blaðið *Times*, enda var framsætning Guðbrands þannig, að markmiðið hefur verið að grafa undan trausti Eiríks meðal Breta. Betur hefði Guðbrandur setið á strák sínum og dokað með að senda breska blaðinu greinina, enda átti eftir að koma betur í ljós að gríðarleg þörf reyndist vera fyrir erlenda aðstoð við fátæka þjóð í þrengingum.

Næsta ár kemur út þýðing sr. Matthíasar Jochumssonar á *Óþelló* eftir Shakespeare. Í bréfi Steingríms Thorsteinssonar skálds, rituðu 3. maí 1883 í Reykjavík til Jóns Þorkelssonar síðar þjóðskjalavardar, segir: „Hér hefur enginn, eða örfáir, vit á að dæma um slíka þýðing, en í öðrum löndum mundi hún talin hneyksli, svo mikið er í henni af ónákvæmni, hroðvirkni og smekkleysum.“⁵⁹ Líklega hefur Steingrímur greint Eiríki frá þessu og hvatt til að taka þýðinguna til athugunar. Eiríkur ritar óvenjuharðorðan ritdóm sem birtist í *Þjóðólfi* nokkru fyrir jól 1883. Þar fer hann mjög ómjúkum orðum um yfirsjónir og mistök við þýðingu sem sálmaskáldinu urðu á. Ritdómur þessi jafnast fyllilega á við frægan ritdóm Jónasar Hallgrímssonar (1807-1845) um rímurnar sem birtist á sínum tíma í *Fjölni*.⁶⁰ Ritstjóri *Þjóðólfs*, Jón Ólafsson (1850-1916), ritar athugasemdir sínar og bendir á að í ritdómnum „hefði mátt drepa meir, en gjört er, á kosti þýðingarinnar, og gefa dómi sínum nokkuð vægilegri blæ.“⁶¹ Við skulum grípa niður í aðfararorð ritdómsins, en þar er komið niður á vanda þýðanda, en Matthías þýddi úr sænskri þýðingu en ekki beint úr ensku. Sjónarmið Eiríks um þýðingar eru sigild enda byggð á traustum rökum:

„Það er hvorki áhlaupaverk, né léttúðarleikur, að snúa Shakspeare⁶² svo, að þýðing verði frumriti

samboðin. Mál hans er fornlegt, og verða þýðendur að hafa lesið hann mikið með samanberandi elju til þess að geta ævinnlega hitt hans hugsun, þar eð vafi kann að vekja þýðanda efa hvað rétt sé. Shakspeare er allra manna andríkastur og gagnorðastur; því felst hjá honum svo títt svo mikið í fám orðum. Mál hans tekur blæ og búning eftir stöðu, mentunarstigi og hjartalagi persónanna. Snilldin er endalaus; hann hefir auga og anda alstaðar, og hefir því fengið einkunnina „The Myriadminded“. Í máli hans skyggna sig stöðugt ósagðar hugmyndir og hugsjónir, sem eins og svífa fyrir anda hans, alt-umhverfis, meðan hann yrkir, og fylla verk hans hliðsjónabendingum (allusionum). Orðleikrinn kemur aðsvifandi eins og óboðinn andvari lofts, þá er minst varir, og sú tegund hans, er Englendingar kalla „pun“, þ. e. orð, sem hafa sama hljóð, en mismunandi merkingu, sett í ýmis sambönd til að vekja hlátur, er mjög tíð og tíðast alveg óviðráðanleg í þýðingu. Til þess að þýðari sjái þann auð andríkis, er fyrir liggur í Shakspeare, verður hann að vera skáldinu gagnkunnugur, og ekki hvað sízt ríður honum á að hafa vakandi auga á því, hvað Shakspeare er djúpsætt dramatískt skáld, þ. e. hvernig síðari viðburðir leikanna eins og óma í spálegu bergmáli í viðtali leikenda framan eftir og hvað alt, er afhöfn heitir, er látið standast á og falla slétt. Af einum leik Shaksperes — einum hinum erfiðasta að þýða — eigum vér snildarlega þýðingu, það er af Lear konungi, eftir Steingrím Thorsteinson. Þar getur séra Matthías lært, hvernig miklir skáldkraftar kunna sér skáldlega kurteisi og meistararum trúa lotningu, auk margs fleira, er þessi hans þýðing af *Othello* sýnir, að hann þarf enn að læra, og ég vona að honum sjálfum, Bókmentafélaginu og öllum réttisýnum lesendum skiljist, við að bera saman Shaksperes þýðingar þessara tveggja skálda við frumritið. Fyrst verð ég að leiða athygli lesara að því, að margir gallar þýðingarinnar eru þannig undir komnir, að Matthías hefir fremur treyst inni sænsku þýðingu C. A. Hagbergs en eigin þekkingu á frummálinu. Nýrri skýrendur hefir þýðari ekki notað; en það er vorkunnarmál og honum eigi að sök gefandi. Þar sem Hagberg er í bobba og leggur á tvær hættur, eða misskilur, þar alstaðar held ég megi fullyrða að Matthías leggi út sænskuna blátt áfram.“⁶³

Nokkru síðar eða 1885 kom út íslensk þýðing Eiríks á *Storminum*, bæði þýðing og frumtexti á „*The tempest*“ eftir sjálfan Shakespeare sem Eiríkur átti veg og vanda af og fylgdu skýringar með. Jón Stefánsson (1862-1952) og Valtýr Guðmundsson (1860-1928) gagnrýndu í *Þjóðólfi*.⁶⁴ Eiríkur svaraði fyrir sig og birtist svar hans síðar um sumarið.⁶⁵ Auk þess lagði bóndinn á Bessastöðum, skáldið Grímur Thomsen (1820-1896), til málanna og birti undir dulnefninu „Ariel“ gagnrýni í Akureyrarblaðinu *Fróða*.⁶⁶ Eiríkur ritaði af því tilefni

bækling: „*Dr. Grímur Thomsen ritdómari og skáld. Vörn og sókn eftir Eirík Magnússon.*“⁶⁷ Helgi Hálfðanarson (1911-2009) þýddi síðar sama verk og nefnist þýðing hans Ofviðrið.⁶⁸

Eiríkur átti í bréfasamskiptum við tugi ef ekki hundruð manna. Bréfin eru náma fróðleiks á fjölmörgum sviðum enda víða komið við. Eiríkur var mjög hirðusamur um skjöl sín og eru bréf hans varðveitt í Handritadeild Landsbókasafns undir allmörgum númerum. Mörg þessara bréfa eiga erindi í bók enda gríðarlegur fróðleikur í þeim. E.t.v. leynast fleiri annars staðar.

Í bréfi frá Birni M. Ólsen (1850-1919) dags. 10. des. 1905 til Eiríks er komið inn á mjög athyglisverða kenningu um *Íslendingabók* Ara fróða (1067 eða 1068-1148): „Það sem þú segir um *Íslendingabók*, að hún muni upphaflega ætluð til að vera skólahandbók, interessar mig mikið. Eins og þú veist, hef jeg talsvert fengist við Ara, enn þetta hefur mjer ekki komið til hugar. Það væri mjög merkilegt, ef það irði sínt, að biskuparnir hefðu viljað innleiða eða innleitt sögu Íslands sem námsgrein við dómkirkjuskólana. Þeir hefðu þá verið langt á undan sínum tíma.“⁶⁹ Því miður hefur þetta ekki verið kannað sérstaklega en kenning Eiríks er mjög athyglisverð.

„Eins og sí-gjósandi hver“

Í ritdómi um rit Stefáns Einarssonar, „*Sögu Eiríks Magnússonar*“ eftir Guðmund Finnbogason (1873-1944) ritstjóra Skírnis, segir: „Eiríkur var merkilegur maður og mikilhæfur, íslenzkur Væringi, er lagði á stað með tvær hendur tómar út í lönd og ruddi sér þar braut til virðulegrar stöðu og góðs áljúts beztu manna. Hann vinnur vináttu þeirra með gáfum sínum, fjöri og andríki og drengilegri framkomu. Eldur áhuga hans logar allt af glatt. Hann er eins og sígjósandi hver, fullur af fyrirætlunum og allt af kjarkgóður, þó að tregt gangi stundum. Og allt af er hugur hans að öðrum þræði heima á Íslandi. Hann lætur sig allt máli skipta, sem hann heldur að verða megi ættjörðinni til gagns og sæmdar, hvort sem það er smátt eða stórt, og leggur ótrauður hönd á plóginn til hjálpar, hvar sem hann kemur því við.“⁷⁰

Þórhallur Bjarnarson segir í *Kirkjuritinu* 1914: „Í biblíufræðum var meistari Eiríkur stórvel heima sem svo víða annars staðar, og lagði síra Jóni Helgasyni [biskup 1917-1942] einarðlega liðsinni, er hann fór að hreifa frjálstri biblíurannsókn. Er þær greinar Eiríks í 6. árg. af *Verði ljós*“.

Um bréfaskipti Jóns Sigurðssonar og Eiríks segir Þórhallur síðar biskup: „Var Eiríkur ör og margbreytinn í tillögum til þjóðarbóta“.

„Mikið er nú um sneytt, frá því að þar voru þrjár íslenskir fræðimenn, stórgáfadir og stórvel að sér í helstu menntasetrum Bretlands hins mikla, þeir

Eiríkur Magnússon, Guðbrandur Vigfússon og Jón A. Hjalteín. Og mestur skörungur þeirra og fjölhæfastur var Eiríkur.“⁷¹

Björn Jónsson ritstjóri *Ísafoldar* átti lengi í stælum við Eirík eins og áður var greint frá, einkum vegna bankamálsins. Vinslit þeirra hafa að öllum líkindum verið þeim báðum erfið en þeir virðast ekki hafa átt nein samskipti bréflaga um aldarfjórðungs skeið. Nokkru fyrir lát beggja var Björn á ferð á Englandi, og við skulum lesa minningarorð um Eirík eftir Harald Nielsson (1868-1928) cand. theol. síðar guðfræðiprófessor:

„Um nýársleytið 1911 kom B. J. til Lundúna. Þaðan skrifaði hann Eiríki bréf og kvað sig langa til að heim-sækja hann, „til þess að slétta yfir fornan fjandskap, en endurnýja enn eldri vináttu“. Eiríkur sendi honum jafn-skjótt svolátandi símskeyti: „Vertu velkominn, hvort heldur er á nóttu eða degi.“ Sýnir þetta atvik vel sátt-fýsislund beggja. B. J. heimsótti hann og má af símskeytinu ráða, hvernig viðtökurnar munu hafa verið. Eftir það skrifuðust þeir á, eins og áður.“⁷²

Ævilok

Eiríkur var heilsuhraustur lengst af ævi. Hann var mikill göngumaður, gekk gjarna langar leiðir upp með ánni Cam þar sem hann stundaði jafnframt sund. Á veturna var hann oft á ferð á skautum og þótti með þeim betri í þeirri íþrótt.⁷³

Hann sagði af sér störfum sem bókaforður í árslok 1909 og hafði þá starfað við háskólann í 38 ár.⁷⁴ Þó Eiríkur hefði oft töluvert fé umleikis þá hugsaði hann aldrei um að auðga sjálfan sig eða hygla vinum sínum. Féð skyldi fara þangað sem því var ætlað. Síðustu árin voru þeim Eiríki og Sigríði að mörgu leyti erfið þegar ellina bar að garði. Bæði voru hrjáð af ýmsum sjúkdómum og einnig komu ýmsir breistir fram í hjónabandi þeirra eins og gengur og gerist. Sigríður lifði mann sinn og dó í Danmörku 84 ára gömul í nóvember 1915.⁷⁵

Eiríkur hélt andlegri sem líkamlegri heilsu lengi vel, en kenndi ýmissa sjúkdóma undir lokin. Þannig fékk hann gláku á öðru auga 1898⁷⁶ og missti sjónina alveg á því auga nokkrum árum síðar við uppskurð sem tókst ekki. Þá átti hann við meltingarsjúkdóma að stríða og eins fundu lækningar meinsemd síðar við blöðruna sem talin var krabbamein.

Fram í andlátinu hélt hann pennanum fast í hendi og ritaði vinum sínum um hugðarefni sín. Einn af prófessorunum vinum hans heimsótti hann á sjúkrahæðinn örfáum dögum áður en Eiríkur var allur. „Sat Eiríkur þá uppi í hægingdastól, klæddur morgunslöpp og las honum upp úr sér kvæði.“⁷⁷

Eiríkur lést 24. janúar 1913 og átti hann einungis viku vant í áttætt. Fór útför hans frá kirkju heilags Páls í Cambridge og var hann grafinn í Mill-road kirkju-

garði. Eigi voru aðrir Íslendingar viðstaddir útförina en kona hans og fósturdóttir ásamt Einari Benediktssyni (1864-1940) og konu hans Valgerði (1881-1955) sem stödd voru á Englandi.⁷⁸

Guðjón Sigbór Jensson er BA í bókasafns- og upplýsingafræði. Hann hefur unnið sem leiðsögumaður þýskumælandi ferðamanna á Íslandi hin síðari ár. Hann býr í Mosfellsbæ.

Heimildir:

Prentaðar heimildir:

Alþingistiðindi 1907.

Benedikt Gröndal 1923: *Dægradvöl ævisaga mín*: rituð af Benedikt Gröndal [eldri útgáfa], Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.

Bogi Th. Melsteð 1913: *Eiríkur Magnússon*, Lögrétta 26.3.1913.

Brynleifur Tóbiasson 1958: *Þjóðhátíðin 1874*, Reykjavík. Menningarsjóður.

Eiríkur Magnússon 1884: *Landsbókasafnið*. Úr bréfi frá *Eiríki Magnússyni*, M. A. til kunningja síns í Reykjavík. Þjóðólfur 36. árg. 19. júlí 1884.

Fjölnir, 3. árg., Kaupmannahöfn 1837.

Fréttir frá Íslandi, 9. árg. 1881-82, bls. 29.

Guðjón Friðriksson 2003: *Jón Sigurðsson ævisaga*, 2. bindi. Reykjavík. Mál og menning.

Guðmundur Finnbogason 1934: *Saga Eiríks Magnússonar eftir Stefán Eiríksson*. Ritdómur, Skírnir 108. árg.

Gömul Reykjavíkurbref 1835-1899. Íslensk sendibréf VI. bindi, Finnur Sigmundsson bjó til prentunar, Bókfellsútg. Reykjavík, 1965.

Haraldur Níelsson 1913: Ísafold 1.2.1913.

Indriði Einarsson 1907: *Peningaverðið á Íslandi*, Skírnir 1907.

Jón Guðnason: *Ævisaga Skúla Thoroddsen I-II*, Reykjavík. Heimskringla 1968 og 1974.

Kirkjublaðið: mánaðarrit handa íslenzkri alþýðu, 3. árg., ritstjóri Þórhallur Bjarnarson, 1893.

Landsýrri jettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum, IV. bindi 1890-1894. Reykjavík. Ísafold, 1895.

Páll Eggert Ólason 1950: *Íslenskar æviskrár III*. bindi.

Páll Eggert Ólason 1952: *Íslenskar æviskrár V*. bindi.

Páll Eggert Ólason: *Jón Sigurðsson*, 5 bindi. Reykjavík. Hið íslenska þjóðvinafélag 1929-1933.

Sigurður Ægisson: *Lundúnabíblían*, Morgunblaðið 8.10. 2006. Skírnir, 1907 og 1934.

Stefán Einarsson: *Saga Eiríks Magnússonar*, Reykjavík, Ísafold, 1933.

Sveinbjörn Blöndal 1982: *Sauðasalan til Bretlands*, Ritsafn Saugnfræðistofnunar, 8.

Þjóðólfur 15.12.1883.

Þjóðviljinn ungi, I. árg. 26.4.1892.

Þorvaldur Thoroddsen 1922: *Minningabók*, 1. bindi. Hið ísl. fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Skjöl:

Bréf Björns M. Ólsen til Eiríks Magnússonar Lbs. 2184 4to.

Bréf Eiríks Magnússonar til Jóns Sigurðssonar: JS 141 fol.

Bréf Eiríks Magnússonar til Tryggva Gunnarssonar dags. í Cambridge 24.9.1874, varðveitt í Skjalasafni Seðlabanka.

Bréf Eiríks Magnússonar til Þorsteins Erlingssonar, varðveitt í Handritadeild Landsbókasafns, Lbs. 21804to.

Prédikanir Eiríks Magnússonar í Lundúnum frá 1862, Lbs. 425 fol.

Annað:

Internet:

<http://runeberg.org/authors/magnueir.html> Síða sótt 7.4. 2011.

Steinunn Einarasdóttir: *Þegar Íslendingar fóru að læra ensku eftir Steinunni Einarasdóttur* enskukennara við Menntaskólann í Reykjavík:

<http://malfridur.ismennt.is/vor2001/vol-17-1-20-se.htm> Síða sótt 20.11. 2011.

Neðanmálsgreinar

1 Þorvaldur Thoroddsen 1922, s.129.

2 Guðjón Friðriksson 2003, 18. kafli einkum s. 306 og áfram.

3 Stefán Einarsson 1933, 241-242.

4 Páll Eggert Ólason 1959, 409-410.

5 Stefán Einarsson 1933, 4.

6 Sama rit 1-2 og er vísað í eiginhandrit EM um uppvöxt sinn, Lbs. 403 fol.

7 Kirkjublaðið 1893, bls. 109. Páll Eggert Ólason 1950, 409-410.

8 Stefán Einarsson 1933, bls. 16-17. Um Vilhjálmi Finsen: Páll Eggert Ólason 1952, bls.65-66. Þar er vísað til fjölda heimilda.

9 Benedikt Gröndal 206.

10 Stefán Einarsson 1933, bls.13.

11 Stefán Einarsson 1933, bls.15.

12 Sama rit, bls. 19. Skjöl Kvöldfélagsins eru í Lbs.489 4to, allmikil að vöxtum. Má geta þess að á vettvangi þessa félags kom fram hugmyndin um að reisa stytta af Ingólfi Arnarsyni á Arnarhóli sem varð að raunveruleika um hálfri öld síðar.

13 Sama rit, bls. 18-19.

14 Sama rit, bls. 8. Þegar Íslendingar fóru að læra ensku eftir Steinunni Einarasdóttur enskukennara við Menntaskólann í Reykjavík: <http://malfridur.ismennt.is/vor2001/vol-17-1-20-se.htm>, síða sótt 20.11.2011.

15 Stefán Einarsson 1933, 21. Um Lundúnabíflíuna hafa ýmsir fjallað, t.d sr. Sigurður Ægisson 2006, s. 63.

16 Stefán Einarsson 1933, 23.

17 Stefán Einarsson 1933, 28.

18 Stefán Einarsson 1933, bls. 28-29.

19 Bréf EM til Tryggva Gunnarssonar dags. í Cambridge 24.9. 1874.

20 Stefán Einarsson 1933, bls. 26. Prédikanir Eiríks frá Lundúnum eru varðveittar í Lbs. 425 fol.

21 Stefán Einarsson 1933, bls. 32-68, 80-83, 93 og áfram.

22 Stefán Einarsson 1933, bls. 236-237.

23 Stefán Einarsson 1933, bls.156.


24 Stefán Einarsson 1933, bls.158.

25 Stefán Einarsson 1933, bls.128 og áfram.

26 Stefán Einarsson 1933, bls. 122 og áfram.

27 Stefán Einarsson 1933, bls. 191-197, sbr. bls.151.

- 28 Stefán Einarsson 1933, bls. 140. Incunabula (vögguprent) eru prentuð rit frá upphafi prentlistar og fram til 1500.
- 29 Stefán Einarsson 1933, bls. 142.
- 30 Stefán Einarsson 1933, bls. 152. Bréfið er varðveitt í JS 141 fol.
- 31 Stefán Einarsson 1933, bls. 236-237. Um aldamótin 1900 var kýmverðið 93 krónur, sbr. Indriði Einarsson 1907, bls. 130. Gengi sterlingspundsins var 18 krónur undir lok 19. aldar, árslauð EM 300 pund voru 4.800 krónur eða nálægt 50 kýmverðum. Skattmat ríkisskattstjóra í árslok 2010 metur mjólkurkú á kr. 103.000, þannig að laun Eiríks hafa numið röskum 5 milljónum að nútímavirði miðað við kýmverð.
- 32 Stefán Einarsson 1933, bls. 187.
- 33 Ritaskrá Eiríks er prentuð í riti Stefáns Einarssonar bls. 322-336.
- 34 Stefán Einarsson 1933, bls.160.
- 35 Eiríkur Magnússon 1884.
- 36 Sama heimild.
- 37 Guðjón Friðriksson 2003, bls. 477-490 og 504.
- 38 Fleiri greinar birtir Eiríkur um þetta efni. Má finna þær í tímaritum á netinu m.a. undir „spiral library“.
- 39 <http://runeberg.org/authors/magnueir.html>
- 40 Brynleifur Tobíasson 1958: 56-57, 59, 67-68 og víðar.
- 41 Sveinbjörn Blöndal 1982, bls. 22 og áfram.
- 42 Stefán Einarsson 1933, bls. 211-217.
- 43 Fréttir frá Íslandi, 9. árg.1881-82, bls. 29.
- 44 Ódagsett svarbréf Eiríks Magnússonar til Þorsteins Erlingssonar, dags. 22. febrúar1908.
- 45 Stefán Einarsson 1933, bls. 226-229. Grein Guðbrands nefnist: „The alleged famine in Iceland and birtist í *Times* 13.10.1882. Greinin var þýdd og birtist í Akureyrarblaðinu *Fróði* 19.12.1882 en talið er að Halldór Briem (1852-1929) enskukennari við Möðruvallaskóla hafi þýtt. Jón Ólafsson ritstjóri endurbirti grein Guðbrands í tímariti sínu *Skuld* 1882, s.102-103 og 105-106 undir titlinum: „Uppgjörðarhal-lærið á Íslandi“. Þar er eðlilega ekki verið að skafa af vandlætingu yfir þessu frumkvæði Guðbrands enda reyndist neyðin mikil. Upp úr þessum erfiðu árum flosnuðu þúsundir Íslendinga upp og héldu til Vesturheims.
- 46 Stefán Einarsson 1933, bls. 218-219.
- 47 Lög um Landsbanka 1885.
- 48 Í Gyðinga-klær. *Lögberg* 11.9.1889.
- 49 Eiríkur Magnússon 1884.
- 50 Landsyfrréttardómar, bls. 229-234 og 466-471.
- 51 Alþingistiðindi 1907, umræður um útgáfu Lögbirtingablaðs.
- 52 Bréf Eiríks Magnússonar til Tryggva Gunnarssonar eru varðveitt í Skjalasafni Seðlabankans.
- 53 Bréf Eiríks Magnússonar dags. 23. 11.1900 til Þorsteins Erlingssonar.
- 54 Lbs. 2185 4to.
- 55 Í blaði Skúla segir frá undarlegri sakamálarannsókn amtmannsins í Norður- og austuramtinu: „Við réttarpróf þau, er haldin voru, fékkst þó engin sönnun fyrir þessum sakargiptum á hendur E. M., og eru því allar horfur á, að hinn „bráðgjörvi“ norðlenski fjórðungs-herra hafi illa verið hafður að gabbi af einhverjum óvöndum haturs-manni meistara E. Magnússonar. Meðan pólitíska ástandið var sem verst í Danmörku, þá var það siðurinn þar í landi, að ýmsir pólitískir „hægri“-sniglar gerðu sér að leik að henda á lofti ýms meiningarlaus óvarkárnisorð pólitískra mótstöðumanna sinna um konunginn er fleiprað hafði verið fram á veitingahúsum og öðrum líkum stöðum, og byrja á því sakamálsrannsóknir, og þessi fyrirmynd virðist hafa fallið norðlenska amtmanninum vel í geð. Skynsamari og betri mönnum í flestum löndum mun þó koma ásamt um, að það sé fremur konungstigninni til óleiks, en virðingarauka, að yfirvöldin hlaupi eptir þess konar markleysu fávízku hjali, og væri betur, að vér Íslendingar hefðum eigi meira af þess háttar rannsóknum að segja“. *Þjóðviljinn ungi*, I. árg. 26.4. 1892, 95-96.
- Eiríkur ber af sér þessar ásakanir í *Austra* 12.10. 1893.
- 56 Þeir sagnfræðingar, sem rannsakað hafa og ritað um Skúlamál, virðast ekki hafa tekið eftir þessu. Hvorki Jón Guðnason sem ritað hefur ævisögu Skúla í 2 bindum, Þorsteinn Thorarensen sem ritað hefur nokkrar vinsælar bækur um aldamótin 1900, Magnús Jónsson um landshöfðingjatímabilið né aðrir, hafa veitt þessu gaum. Nú er augljóst að ritskoðun var sett á Eirík, sem Skúli Thoroddsen sniðgekk, enda var réttlætiskennnd mikil hjá þessum merka tals-manni aukinna mannréttinda og einum höfuðandstæðingi spilltrar valdaklíku landshöfðingja.
- 57 Bogi Th. Melsteð 1913.
- 58 Stefán Einarsson 1933, 323-336.
- 59 Gömul Reykjavíkurbref 1835-1899, 213.
- 60 Fjölur, 1837, 18-29.
- 61 Ópélló Matthíasar, Þjóðólfrur 15. og 22. des. 1883.
- 62 Eiríkur telur að þannig sé upphaflegi og í raun eini rétti ritháttur á nafni skáldsins.
- 63 Ópélló Matthíasar, Þjóðólfrur 15.12. 1883.
- 64 Þjóðólfrur 14. og 21. maí 1886.
- 65 Þjóðólfrur 24. og 27. ágúst 1886.
- 66 Fróði 6. sept. 1886.
- 67 Stefán Einarsson 1933, bls. 326.
- 68 William Shakespeare: Ofviðrið, Leikrit II. bindi, Reykjavík, Heimskringla, 1957.
- 69 Lbs. 2184 4to.
- 70 Guðmundur Finnbogason 1934: 212.
- 71 Nýtt kirkjublað, 1913, bls. 44.
- 72 Ísafold 1.2. 1913.
- 73 Stefán Einarsson 1933, bls. 274-275.
- 74 Stefán Einarsson 1933, bls. 151.
- 75 Stefán Einarsson 1933, bls. 322.
- 76 Í bréfi EM dags. 19.3. 1898 til bróður síns. Þar segir hann að hann eigi að gangast undir aðgerð og sé bannað að rita stafkrók a.m.k. í mánuð. Skriftninni hefur farið mikið aftur.
- 77 Stefán Einarsson 1933, bls. 297.
- 78 Stefán Einarsson 1933, bls. 297.



KIRKJURTIÐ

78. ARG. 1. HEFTI 2012 — GEFID UT AF PRESTAFELAGI ÍSLANDS